

Miðvikudaginn 15. apríl 1992.

Nr. 155/1992. Öryrkjabandalag Íslands

gegn

Guðmundi J. Guðjónssyni,

Guðrúnu V. Sverrisdóttur,

félagsmálaráðherra og

Helgu Ingólfssdóttur fyrir hönd

Páls Helga Arnarsonar.

Kærumál. Meðalganga. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili kærði hinn 18. mars síðastliðinn til Hæstaréttar dóm, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Seltjarnarness 4. mars. Með honum var vísað frá meðalgöngusök, sem sóknaraðili hafði höfðað 13. desember 1991. Aðalkrafa sóknaraðila fyrir bæjarþinginu var sú, að meðalganga yrði heimiluð. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til i-liðar 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hér fyrir dómi krefst hann þess, að héraðsdómurinn verði felldur úr gildi „og meðalganga heimiluð í málinu“. Jafnframt er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilanna Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði með vaxtavöxtum auk virðisaukaskatts. Þá er krafist kærumálskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti.

Af hálfu varnaraðilans Helgu Ingólfssdóttur f.h. Páls Helga Arnarsonar hefur komið fram greinargerð þar sem segir m.a.: „... eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur fyrir Hæstarétti, en lýst yfir stuðningi við kröfur kæranda ...“

Félagsmálaráðherra hefur ekki skilað greinargerð til Hæstaréttar og ekki gert dómkröfur.

Mál þetta var höfðað af varnaraðilunum Guðmundi og Guðrúnu gegn félagsmálaráðherra. Kröfur þeirra varða starfrækslu meðferðarheimilis í húsi á Seltjarnarnesi, sem er í ríkiseign. Félagsmálaráðherra tók til varna, og síðar var varnaraðilanum Helgu f.h. sonar

síns heimiluð meðalganga, en sonurinn dvelst á heimilinu. Tilgangur Öryrkjabandalags Íslands er eftir lögum þess meðal annars sá að vinna að sameiginlegum málefnum öryrkja. Almenn sjónarmið um stöðu öryrkja koma til skoðunar í máli því, sem varnaraðilarnir Guðmundur og Guðrún hafa höfðað, en málið fer eftir almennum reglum um sakarforræði aðila. Efnisdómur mun binda þessa aðila. Á skortir, að hagsmunir þeir, sem öryrkjabandalagið lætur sig varða, séu svo afmarkaðir og varði með svo beinum hætti ágreininginn í aðalsök, að það eigi rétt til meðalgöngu eftir 50. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði til að koma að þeim kröfum, sem lýst er í héraðsdómi.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða dóm.

Sóknaraðili greiði varnaraðilunum Guðmundi J. Guðjónssyni og Guðrúnu V. Sverrisdóttur málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávisunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Öryrkjabandalag Íslands, greiði varnaraðilunum Guðmundi J. Guðjónssyni og Guðrúnu V. Sverrisdóttur 50.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 4. mars 1992.

Meðalgöngumál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 31. janúar sl., hefur Öryrkjabandalag Íslands, kt. 420369-6979, Hátúni 10, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með þingfestingu þess 17. desember 1991 á hendur Guðmundi J. Guðjónssyni, kt. 190733-2629, og Guðrúnu V. Sverrisdóttur, kt. 110343-2059, báðum til heimilis að Sæbraut 3, Seltjarnarnesi, og félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, kt. 041042-4869, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, til meðalgöngu í bæjarþingsmáli nr. 605/1991.

I.

Dómkröfur.

Aðalkrafa meðalgöngustefnanda, sem snýr að bæði stefnendum og stefndu í málinu, er sú, að meðalganga verði heimiluð í málinu.

Aðalkrafa meðalgöngustefnanda, sem snýr að stefnendum, er, að málinu verði vísað frá dómi að öllu leyti eða hluta.

Til vara er þess krafist, að viðurkenndur verði réttur til að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða annars konar heimili fyrir fatlaða að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi.

Til þrautavara er þess krafist, að stefndi félagsmálaráðherra verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda.

Til ýtrustu þrautavara er þess krafist, að stefndi félagsmálaráðherra verði sýknaður af kröfum stefnenda um, að þeim verði dæmt óheimilt að starfrækja sambýli eða annars konar stofnun fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að meðtöldum virðisaukaskatti samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Í meðalgöngustefnu er málið sagt höfðað af Öryrkjabandalagi Íslands vegna Umsjónarfélags einhverfra. Í munnlegum málflutningi lýsti lögmaður meðalgöngustefnanda yfir því, að meðalgöngustefnandi í málinu væri Öryrkjabandalag Íslands, en ekki Umsjónarfélag einhverfra. Það félag væri hins vegar aðili að Öryrkjabandalagi Íslands. Málið sé því ekki höfðað vegna Umsjónarfélags einhverfra, eins og það félag væri aðili.

Af hálfu meðalgöngustefndu, Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur, eru endanlegar dómkröfur þær, að synjað verði kröfu meðalgöngustefnanda um meðalgöngu í framangreindu bæjarþingsmáli nr. 605/1991.

Þá er þess krafist, fari svo, að meðalganga verði leyfð, að vísað verði frá dómi þeirri varakröfu meðalgöngustefnanda um efnishlið máls nr. 605/1991, að „viðurkenndur verði réttur til að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða annars konar heimili fyrir fatlaða að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi”.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefnanda skv. mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti. Beri dæmdur málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags með ákvæði þess efnis, að áfallnir dráttarvextir skuli bætast við þann höfuðstól, sem dráttarvextir skuli reiknast af, á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag þeirra.

Í greinargerð var af hálfu framangreindra meðalgöngustefndu aðallega krafist frávisunar meðalgöngusakarinnar, en eftir málflutningsyfirlýsingu lögmanns meðalgöngustefnanda um, hvernig aðild væri háttað, sbr. það, sem að framan er rakið, var fallið frá frávisunarkröfunni.

Af hálfu meðalgöngustefnda, félagsmálaráðherra, er í greinargerð og í bréfi félagsmálaráðuneytisins tekið fram, að félagsmálaráðuneytið hafi

ekkert við það að athuga, að meðalganga Öryrkjabandalags Íslands verði leyfð.

Við munnlegan málflutning í máli þessu var sótt þing af meðalgöngustefnanda í meðalgöngumáli nr. 1059/1991: Helga Ingólfssdóttir f. h. Páls Helga, sem heimiluð var meðalganga í bæjarþingsmáli nr. 605/1991 með dómi Hæstaréttar Íslands 8. janúar sl.

Dómkrafa þessa aðila er, að Öryrkjabandalagi Íslands verði heimiluð meðalganga í máli nr. 605/1991.

Lögboðnar sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

II.

Málsatvik.

Ríkissjóður er eigandi fasteignarinnar nr. 2 að Sæbraut á Seltjarnarnesi. Frá hausti 1989 hefur verið starfrækt þar meðferðarheimili fyrir einhverfa á vegum félagsmálaráðuneytisins.

Meðalgöngustefndu, Guðmundur og Guðrún, sem búsett eru gegnt meðferðarheimilinu, að Sæbraut 3, sættu sig ekki við starfrækslu meðferðarheimilisins á þessum stað og höfðuðu mál á hendur félagsmálaráðherra fyrir þessum dómi á síðastliðnu ári, mál nr. 605/1991, þar sem þau krefjast þess, að félagsmálaráðherra verði dæmt óheimilt að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða annars konar stofnun fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi og að félagsmálaráðherra verði gert skylt að viðlögðum dagsektum að leggja niður þá starfsemi, sem fram fer í húsinu að Sæbraut 2.

Af hálfu félagsmálaráðherra er krafist frávísunar af hluta krafna stefnenda í umræddu máli og sýknu af öðrum kröfum, til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda, en til þrautavara sýknu af hluta af kröfum stefnenda svo og af kröfum um dagsektir.

Með dómi Hæstaréttar 8. janúar sl. var Helgu Ingólfssdóttur f. h. ólög-ráða sonar síns, Páls Helga, heimiluð meðalganga í umræddu máli.

Dómkröfur hennar eru þær í fyrsta lagi, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að félagsmálaráðherra verði sýknaður.

III.

Rök meðalgöngustefnanda fyrir því, að honum skuli leyfð meðalganga í máli nr. 650/1991, eru þau, að samkvæmt 2. gr. laga Öryrkjabandalags Íslands komi fram, að tilgangur þess sé m.a. að koma fram fyrir öryrkja gagnvart opinberum aðilum í hvers kyns hagsmunamálum og vinna að öðrum sameiginlegum málefnum öryrkja. Það sé mikið hagsmunamál allra félaga öryrkjabandalagsins, að kröfugerð stefnenda í máli nr. 605/1991 nái ekki fram að ganga. Meðalgöngustefnandi hafi því ríka lögvarða hagsmuni

af því að tryggja, að viðurkenndur verði réttur til að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða annars konar heimili fyrir fatlaða að Sæbraut 2.

Samkvæmt 8. gr. laga öryrkjabandalagsins geti félagasamtök, sem starfa á landsgrundvelli og hafi það aðalverkefni að vinna að málefnum tiltekinna öryrkjahópa, gengið í bandalagið. Umsjónarfélagi einhverfra hafi nú verið veitt aðild að bandalaginu, og hafi stjórn umsjónarfélagsins farið þess á leit við meðalgöngustefnanda, að gætt verði hagsmuna félagsins og íbúanna að Sæbraut 2 í umræddu máli.

Íbúunum að Sæbraut 2 hafi ekki verið stefnt í málinu, og hafi þeir því ekki átt þess kost að gæta réttar síns. Íbúarnir eigi þar sitt heimili í samræmi við landslög, og hljóti þeir því að eiga lögvarða hagsmuni af því, hvort heimili þeirra verði lagt niður eða ekki.

Í lögum nr. 44/1983 komi fram, að markmið laganna sé m.a. að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við öðra þjóðfélagsþegna og búa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu, þar sem þeim vegnar best. Þetta sé í samræmi við óskráðar grundvallarreglur laga um jöfnuð, sanngirni og réttlæti sem og ýmsa alþjóðlega sáttmála, sem gangi í þessa átt, svo sem alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, félagsmálaráðs Evrópu, Norðurlandasamning um félagslegt öryggi og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá megi benda á lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 66., 70. og 78. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Af öllu framanskráðu megi ljóst vera, að meðalgöngustefnandi eigi mjög brýna lögvarða hagsmuni í skilningi 50. gr. laga nr. 85/1936 af því, að kröfur hans verði teknar til greina og að meðalganga verði heimiluð í málinu. Meðalgöngustefnandi sé heildarsamtök fatlaðra á Íslandi og sé ásamt Landssamtökunum Þroskahjálpi viðurkenndur sem slíkur í lögum um málefni fatlaðra. Hvorugum þessara aðila hafi hins vegar verið gerður kostur á að gæta hagsmuna sinna skv. lögum um málefni fatlaðra í málinu.

Af hálfu meðalgöngustefndu, Guðmundar og Guðrúnar, eru rök fyrir því, að synja beri um meðalgönguna, þau, að ekki sé fullnægt skilyrðum 50. gr. laga nr. 85/1936 fyrir henni. Því sé mótmælt, að meðalgöngustefnandi eigi nokkra þá aðild að sakarefni málsins nr. 605/1991, að skilyrðum 50. gr. eml. sé fullnægt. Samkvæmt ákvæðinu sé það skilyrði, að úrslit máls skipti mann máli að lögum. Í því felist, að meðalgöngustefnandi þurfi að eiga einhvers konar lagalega aðild að réttarsambandinu milli meðalgöngustefndu og félagsmálaráðherra. Svo sé ekki í þessu máli. Meðalgöngustefnandi sé samkvæmt framlögðum málskjöllum einhvers konar hagsmunasamtök fyrir öryrkja, og sjálfsagt sé tilgangur Umsjónarfélags einhverfra svipaður, þ.e. að vera hagsmunafélag fyrir einhverfa. Það sé hins vegar ekki nóg til lagalegrar aðildar að tilteknu réttarsambandi, að einhver aðili,

einn eða í félagi við aðra, lýsi yfir því, að hann hafi áhuga á því málavíði, sem réttarsambandið varðar. Í útburðarmáli húseigandans A gegn leigutakanum B kynni að reyna á atriði, sem húseigendafélaginu og leigjendasamtökum fyndust áhugaverð. Varla myndi það duga þeim til aðildar að málinu skv. 50. gr. eml. Krafa meðalgöngustefnanda í máli þessu sé hliðstæð þessu dæmi.

Kröfu sína um frávísun á varakröfu meðalgöngustefnanda, fari svo, að meðalganga verði heimiluð, styðja meðalgöngustefndu eftirfarandi rökum:

„1. Krafan greinir ekki, hver eigi að fá þessa viðurkenningu. Þannig er óljóst, hvort verið er að krefjast viðurkenningar á þessum rétti til handa félagsmálaráðherra eða meðalgöngustefnanda, hvort sem hann er nú Öryrkjabandalag Íslands eða Umsjónarfélag einhverfra. Kannski er verið að krefjast þessarar viðurkenningar fyrir hvern sem er? Orðalag kröfunnar bendir til þess. Þetta hlýtur þegar í stað að leiða til frávísunar þessarar kröfu. Visast í því efni til 88. gr., 1. tl. c-liðar, í lögum nr. 85/1936.

2. Verði maðalganga leyfð, kemur ekki til greina, að umbj. mínir þurfi að una því, að utanaðkomandi aðili, sem alls ekki stendur fyrir neinum rekstri að Sæbraut 2 og hefur reyndar ekki, svo að vitað sé, nein réttindi fyrir þeirri fasteign, fái í málinu að gera dómkröfu um rétt til að reka starfsemi í húsinu (þ.e., ef túlka ber kröfuna svo og meðalgöngustefnandi sé að krefjast þess réttar sér til handa). Kröfugerð um þetta hlýtur að ganga gegn 67. gr. laga nr. 85/1936.“

Af hálfu meðalgöngustefnanda í máli nr. 605/1991, Helgu Ingólfsdóttur f.h. ölögráða sonar, Páls Helga Arnarsonar, eru þau rök m.a. færð fram fyrir því, að heimila beri Öryrkjabandalagi Íslands meðalgöngu í því máli, að kröfugerð stefnanda í því máli útiloki heimilishald fyrir þroskahefta að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi og varði þannig beint alla þroskahefta, einnig, að það varði beint alla þá, sem hafa á höndum lögráð, tilsjón eða aðra aðstoð við þroskahefta, hvort sem það er af skyldu eða fúsum vilja. Þá muni dómur í samræmi við kröfu stefnanda torvelda þeim þroskaheftum, sem síðar kynnu að vilja búa á Seltjarnarnesi, búsetu þar. Með vísan til þess, að enginn heill maður geti verið öruggur um að sleppa við þroskaheftingu af völdum slyss eða sjúkdóms síðar á ævinni, sé ljóst, að allir, þroskaheftir sem aðrir, geti átt aðild að máli nr. 605/1991. Málsaðildarréttur skv. 50. gr. eml. taki einnig til löglegs félags, sem vinni að málum þroskaheftra og fái opinberan stuðning til þess. Vísað er til 70. gr. og 78. gr. stjórnarskrárinnar og laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra.

Álit dómsins.

IV.

Eins og áður er rakið, er meðalgöngustefnandi bandalag félaga, sem starfa á landsgrundvelli með það aðalverkefni að vinna að málefnum til-

tekinna öryrkjahópa, og er markmið þess m.a. að koma fram fyrir hönd öryrkja gagnvart opinberum aðilum í hvers kyns hagsmunamálum og vinna að öðrum sameiginlegum málefnum öryrkja. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra er eitt af markmiðum laganna að tryggja heildarsamtökum fatlaðra og félögum þeirra áhrif á ákvarðanir um málefni sín, svo sem með því að leita umsagnar heildarsamtaka fatlaðra eða sérstakra félaga þeirra eða styrktarfélaga fatlaðra, sem hlut eiga að máli hverju sinni við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða, er þau varða.

Samkvæmt 3. gr. sömu laga fer sérstök stjórnarnefnd með yfirstjórn málefna fatlaðra, og er hlutverk hennar skilgreint í greininni. Nefndin er skipuð sjö mönnum, og þar af tilnefna Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands þrjá.

Samkvæmt 5. gr. laganna skulu skipaðar svæðisstjórnir í hverju hinna átta svæða, sem tilgreind eru í 4. gr. laganna. Sjö manns skipa hverja svæðisstjórn, og tilnefna Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einnig þrjá menn í svæðisstjórnir.

Svæðisstjórnnum eru falin margvísleg verkefni í lögunum varðandi mál-efni fatlaðra og þjónusta við þá. Þessar stofnanir, sem nefndar hafa verið, eru því opinbert stjórnvald með ákveðið hlutverk.

Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar Íslands 8. janúar sl. í meðalgöngumáli nr. 1059/1991 þykir ljóst, að verði dómkröfur stefnenda í aðalsök teknar til greina, þá muni einhverfir, sem búsettir eru á meðferðarheimilinu að Sæbraut 2, ekki eiga þess kost að dveljast þar áfram, þar sem þá verði að lögum óheimilt að halda áfram starfsemi þess. Þessi niðurstaða í aðalsök myndi því skipta heimilismenn máli að lögum án tillits til þess, hvernig varið sé réttarsambandi þeirra og félagsmálaráðherra.

Þótt meginmarkmið meðalgöngustefnanda sé að gæta hagsmuna öryrkja í hvívetna og þótt meðalgöngustefnandi tilnefni stjórnarmenn í stjórnarnefnd og svæðisstjórnir samkvæmt lögum nr. 41/1983, þá er ekki saman að jafna þeim hagsmunum, sem heimilismenn velferðarheimilis hafa af úrslitum aðalsakar, og þeim hagsmunum, sem meðalgöngustefnandi hefur af úrslitunum.

Heimilismennirnir missa beinlínis sitt heimili, verði dómkröfur stefnenda í aðalsök teknar til greina, án þess að þeir eigi kost á sambærilegu heimili. Hagsmunir meðalgöngustefnanda eru hins vegar meira almenns eðlis, þ.e. varða meira hagsmunamál fatlaðra almennt og þau áhrif, sem dómur í aðalsök kynni að hafa almennt á þeirra hagsmuni.

Til þess ber og að líta, að dómur í aðalsök tekur einvörðungu til þess sakar-efnis, sem þar er til efnismeðferðar, og bindur einvörðungu aðila þess máls. Fordæmisgildi dóms í því máli skapar því ekki út af fyrir sig rétt annarra til meðalgöngu í málinu, sem ekki hafa beinna hagsmuna að gæta eins og

íbúar meðferðarheimilisins. Þá verður ekki talið, að meðalgöngustefnandi fari með eða geti farið með slíkt mál fyrir íbúana að Sæbraut 2. Slíkt væri óheimilt að lögum.

Með hliðsjón af framansögðu er niðurstaða máls þessa sú, að meðalgöngustefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á það, að úrslit aðalsakar skipti hann máli að lögum í skilningi 50. gr. laga nr. 85/1936, og ber því að synja honum um meðalgöngu í máli nr. 605/1991.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna veikinda dómara.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður dóm þennan upp.

D ó m s o r ð:

Meðalgöngustefnanda, Öryrkjabandalagi Íslands, er synjað um meðalgöngu í máli nr. 605/1991 á bæjarþingi Seltjarnarness.

Málskostnaður fellur niður.
